

REGLUGERÐ

**um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs
og takmarkanir á fjölda þeirra.**

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 77/1989 um leigubifreiðar og gildir um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og mega flytja allt að átta farþega.

2. gr.

Leiguakstur telst það þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt ökumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra. Farangur skal flytja í farangursgeymslu bifreiðar, en þó má setja ferðatöskur inn í bifreiðina, ef farþegi krefst þess. Eigi er heimilt að flytja farangur án farþega nema í undantekningartilfellum, enda sé um að ræða flutning bréfa, skjala eða annarra sérstakra verðmæta.

II. KAFLI

Auðkenni.

3. gr.

Leigubifreið til fólksflutninga skal auðkennd með þakljósi samkvæmt ákvæðum reglugerðar um gerð og búnað bifreiða. Ennfremur skal fólksbifreið, sem ekur frá bifreiðastöð, auðkennd með merki stöðvarinnar.

III. KAFLI

Gjaldmælar.

4. gr.

Gjaldmælar í fólksbifreiðum skulu sýna rétt ökugjald samkvæmt almennum taxta og sértöxtum. Nú er gjaldmælir eigi þannig búinn að hann sýni glöggð hina heimiluðu sértaxta og skulu bifreiðastjórar þá nota verðskrá, sem farþegar geta kynnt sér.

Gjaldmælir skal þannig staðsettur í bifreið, að farþegar sjái glöggð upphæð ökugjalds á gjaldskífu mælisins.

Samgönguráðuneytið ákveður hvaða tegundir gjaldmæla skuli nota.

5. gr.

Heimilt er að aka án gjaldmælis:

1. Þegar sérstaklega stendur á og lögreglustjóri veitir undanþágu.
2. Þegar fyrirfram er samið um akstursgjald fyrir tiltekna ferð.
3. Þegar mælir bilar í ökuferð.

6. gr.

Óheimilt er að taka gjaldmæli í notkun í bifreið fyrr en löggilding á mælinum hefur farið fram.

Löggildingarmenn, skipaðir af samgönguráðuneytinu, annast löggildinguna gjaldmæla og gefa út vottorð þar að lútandi. Þeir hafa með höndum viðgerðir, breytingar og innsiglun gjaldmæla. Ennfremur framkvæma þeir almenna skoðun á gjaldmælum svo oft sem þurfa þykir að mati lögreglustjóra, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Samgönguráðuneytið ákveður gjald fyrir störf löggildingarmanna, sem bifreiðaeigendur greiða.

Endurskoða skal löggildingu gjaldmælis, ef skipt er um drif á bifreið eða breyting gerð á hjóla- eða hjólbarðastærð hennar.

7. gr.

Verði breytingar á ökugjaldi bifreiða skal stilla þær breytingar inn á gjaldmæla innan fjögurra vikna. Eftir þann tíma er notkun óbreyttra gjaldmæla óheimil. Á biðtímanum skal nota verðskrá.

IV. KAFLI

Takmarkanir á fjölda bifreiða.

8. gr.

Félagssvæði og hámarkstala.

Takmarkanir á fjölda fólksbifreiða gilda á eftirtöldum svæðum;

1. Á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Framma, sem er Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Bessastaðahreppur. Hámarkstala er 570 fólksbifreiðar.
2. Á félagssvæði Bifreiðastjórafélaganna Fylkis og Freys, sem er Keflavík, Njarðvík, Hafna-, Miðnes-, Gerða- og Vatnsleysustrandarhreppur. Hámarkstala er 40 fólksbifreiðar.
3. Á félagssvæði Bílstjórafélags Akureyrar, sem er Akureyri. Hámarkstala er 27 fólksbifreiðar.
4. Á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Orku, sem er Ísafjörður. Hámarkstala er 9 fólksbifreiðar.
5. Á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Faxe, sem er Selfoss. Hámarkstala er 7 fólksbifreiðar.

Takmörkun er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa svo sem hámarkstala segir til um.

Nú eru fleiri atvinnuleyfi í gildi en hámarkstalan segir til um við gildistöku þessarar reglugerðar og skal þá á næstu árum einungis úthluta öðru hverju leyfi, sem úr gildi fellur, uns réttir tölu er náð.

9. gr.

Umsjónarnefnd fólksbifreiða.

Á hverju félagssvæði stéttarfélags fólksbifreiðastjóra, þar sem takmörkun er heimiluð, starfar umsjónarnefnd fólksbifreiða. Hver nefnd er skipuð þremur mönnum. Ákvarðanir umsjónarnefndar eru gildar hafi þær hlotið a.m.k. tvö atkvæði á nefndarfundum.

Á nefndarfundum skal halda gerðabók þar sem ákvarðanir og samþykktir skulu skilmerkilega færðar til bókar. Allir nefndarmenn undirrita fundargerð.

Umsjónarnefnd gefur samgönguráðuneytinu árlega skriflega skýrslu um störf sín. Ráðuneytið getur þó hvenær sem er krafist greinargerðar frá umsjónarnefnd um tiltekið málefni.

Umsjónarnefnd setur sér starfsreglur sem taka gildi þegar ráðuneytið staðfestir þær.

Umsjónarnefnd er heimilt að ráða trúnaðarlækni.

10. gr.

Umsóknir.

Umsjónarnefndir, hver á sínu svæði, gefa út atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og annast úthlutun þeirra. Úthlutun skal fara fram þegar hennar er þörf, þó eigi sjaldnar en einu

sinni á hverju almanaksári. Auglýst skal eftir umsækjendum með a.m.k. þriggja vikna fyrirvara.

Bifreiðastjóri, sem óskar eftir atvinnuleyfi, skal sækja um það á sérstöku eyðublaði, sem umsjóðarnefnd lætur gera. Umsókninni skulu fylgja öll þau gögn og vottorð, sem umsjóðarnefnd gerir kröfu til, þar með talið vottorð um að umsækjandi eigi kost á afgreiðslu á bifreiðastöð.

11. gr.

Námskeið.

Umsjóðarnefnd fólksbifreiða er heimilt þegar hún telur þörf á, þó eigi fyrr en eftir 1. júlí 1992, að stofna til námskeiðs fyrir umsækjendur um atvinnuleyfi, sem fullnægja skilyrðum laga um leigubifreiðar. Umsjóðarnefnd skipuleggur slík námsskeið, ákveður kennslutilhögun, námsefni, prófreglur og námskeiðsgjald. Undanþágu frá námsskeiði má veita þeim umsækjendum, er áður hafa stundað leiguakstur sem atvinnuleyfishafar.

12. gr.

Úthlutunarreglur.

Atvinnuleyfum skal einungis úthlutað til þeirra, sem fullnægja skilyrðum 1. - 6. tl. 8. gr. laga um leigubifreiðar. Á tímabilinu frá 1. júlí 1989 til 1. júlí 1992 skulu launþegar í leigubifreiðastjórastétt hafa forgang til atvinnuleyfa, en þó má jafnframt taka sérstakt tillit til umsókna um atvinnuleyfi frá þeim öryrkjum, sem leiguakstur hentar vel enda hafi þeir meðmæli Öryrkjabandalags Íslands og tryggingayfirlæknis.

Þegar atvinnuleyfi eru veitt að undangengnu námskeiði skal prófárangur að jafnaði ráða veitingu atvinnuleyfa til umsækjenda.

Þegar atvinnuleyfum er úthlutað án undanfarandi námskeiðs og tímabundnar reglur 1. mgr. eiga ekki lengur við metur umsjóðarnefnd það af réttsýni hverjir umsækjenda eru hæfastir til að hljóta atvinnuleyfi og lætur þá að jafnaði sitja fyrir, sem hafa öðlast fjögurra ára starfsreynslu við akstur á fólki. Þess utan er nefndinni heimilt að taka sérstakt tillit til umsókna frá öryrkjum, sbr. 1. mgr.

Umsjóðarnefnd er heimilt að höfðu samráði við hagsmunafélög fatlaðra og viðkomandi stéttarfélag að úthluta atvinnuleyfum til reksturs á sérbúnum bifreiðum til flutnings á hreyfihömluðum.

Umsjóðarnefnd er heimilt að setja reglur um notkun eðalvagna (limousine), sem ætlaðir eru til sérstakrar þjónustu.

13. gr.

Varsla og endurútgáfa atvinnuleyfa.

Atvinnuleyfin skulu tölusett og geymd í vörslu stéttarfélags leyfishafa. Leyfishafi fær í hendur staðfest eftirrit af atvinnuleyfi sínu.

Umsjóðarnefnd er heimilt að endurútgefa atvinnuleyfi þau, sem eru í gildi við gildistöku laga um leigubifreiðar nr. 77/1989, til samræmis við efni laganna og ákvæði þessarar reglugerðar.

14. gr.

Eigin bifreið.

Við leiguaksturinn ber leyfishafa að nota bifreið, sem samþykkt er af stéttarfélagi hans og hann er skráður eigandi að eða hefur umráð yfir samkvæmt kaupleigusamningi við eignarleigufyrirtæki samkvæmt lögum um eignarleigustarfsemi.

15. gr.

Nýting atvinnuleyfis.

Leyfishafi skal nýta atvinnuleyfi sitt með eðlilegum hætti og stunda aksturinn sem aðalatvinnu. Akstur eigin leigubifreiðar telst aðalatvinna leyfishafa þegar hann að jafnaði stundar aksturinn eigi færri en 30 klst. á viku hverri. Frá þessu má þó víkja á félagssvæðum með færri en 5000 íbúa á þeim tíma árs þegar lítil þörf er fyrir leigubifreiðapjónustu.

Bifreiðastjóra, sem öðlast atvinnuleyfi, ber að hefja nýtingu þess innan sex mánaða frá útgáfudegi leyfisins. Að öðrum kosti fellur atvinnuleyfið úr gildi.

Leyfishafi, sem nýtir ekki atvinnuleyfi sitt í sex mánuði eða lengur án þess að lögmætar ástæður séu fyrir hendi, skal sviptur því fyrir fullt og allt, ef hann lætur ekki skipast við áminningu.

Umsjónarnefnd getur heimilað leyfishafa að láta atvinnuleyfið ónotað í allt að tvö ár samtals, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Óski forseti Íslands eða ráðherra að ráða leyfishafa sem einkabílstjóra á meðan þeir gegna embætti, er þeim leyfishöfum heimilt að leggja atvinnuleyfið inn á meðan starfinu stendur.

16. gr.

Undanþágur.

Heimilt er að veita leyfishafa tímabundnar undanþágur frá akstri eigin bifreiðar vegna:

- a. veikinda eða annarra forfalla.
- b. orlofs.
- c. vaktaskipta á álagstímum.
- d. viðgerðar eða endurnýjunar á bifreið.

Stéttarfélag fólksbifreiðastjóra setur reglur um þessar undanþáguveitingar og annast framkvæmd þeirra. Undanþágu skal að jafnaði veita, nema sérstakar ástæður mæli henni í gegn. Undanþágu má binda skilyrðum. Undanþága vegna veikinda verður þó ekki veitt fyrstu fjóra daga hvers veikindatímabils. Stéttarfélagið má ekki veita lengri undanþágu samkvæmt a lið en þrjá mánuði samtals á hverju almanaksári.

Óski leyfishafi eftir lengri undanþágu fjallar umsjónarnefnd um mál hans og getur hún veitt allt að tólf mánaða undanþágu til viðbótar. Umsjónarnefnd er þó heimilt að veita allt að tólf mánaða undanþágu þar að auki vegna alvarlegra og langvarandi veikinda leyfishafa.

Þegar leyfishafi setur annan mann á bifreið sína, sbr. liði a - c, skal ökumaðurinn fullnægja skilyrðum laga um leigubifreiðar til þess að öðlast atvinnuleyfi.

17. gr.

Eftirlifandi maki og dánarbúi.

Þegar leyfishafi fellur frá skal umsjónarnefnd að undangenginni umsókn veita dánarbúi hans eða eftirlifandi maka heimild til að nýta atvinnuleyfið í allt að þrjú ár frá dánardægri, þó eigi lengur en til þess tíma er leyfishafi hefði misst það fyrir aldurs sakir, ef hann hefði lifað. Eftirlifandi sambýlismaður eða sambýliskona skoðast sem eftirlifandi maki hafi sambúðin staðið yfir í að minnsta kosti tvö ár samfleytt samkvæmt þjóðskrá.

Dánarbúi er óheimilt að nýta atvinnuleyfi eftir að skiptum á búinu er lokið.

Þegar eftirlifandi maki eða dánarbúi setur ökumann á bifreiðina skal hann fullnægja skilyrðum laga um leigubifreiðar til þess að öðlast atvinnuleyfi.

18. gr.

Svipting atvinnuleyfis.

Ef leyfishafi fullnægir eigi lengur skilyrðum laga um leigubifreiðar nr. 77/1989 til þess að halda atvinnuleyfi sínu eða brýtur á annan hátt gegn ákvæðum laganna eða þessarar

reglugerðar er umsjónarnefnd rétt að beita hann viðurlögum. Viðurlögin fara eftir eðli brotsins og á hvern hátt þau tengjast nýtingu atvinnuleysisins.

Viðurlögin eru þessi:

1. Áminning.
2. Tímabundin svipting atvinnuleysis.
3. Endanleg svipting atvinnuleysis.

Þrátt fyrir endanlega sviptingu atvinnuleysis getur bifreiðastjórinn sótt um atvinnuleyfi að nýju að fimm árum liðnum, enda hafi hann þá bætt ráð sitt og tekið út refsingu fyrir brotið, ef svo ber undir.

Nú er bifreiðastjóri sviptur atvinnuleyfi sínu samkvæmt framangreindu og er þá fólksbifreiðastöðvum á félagssvæðinu óheimilt að veita honum afgreiðslu á meðan sviptingin varir.

19. gr.

Brottfall atvinnuleysis.

Frá og með 1. júlí 1994 fellur atvinnuleyfi úr gildi við lok 70 ára aldurs leyfishafa, þ.e. daginn áður en hann nær 71 árs aldri.

Á tímabilinu frá gildistöku laga um leigubifreiðar hinn 1. júlí 1989 til 30. júní 1994 gilda eftirfarandi reglur um brottfall atvinnuleysis sökum aldurs:

1. Sá, sem er 66 ára að aldri við gildistöku laganna, missir leyfið þegar hann verður 71 árs.
2. Sá, sem er 67 ára að aldri við gildistöku laganna, missir leyfið þegar hann verður 72 ára.
3. Sá, sem er 68 ára að aldri við gildistöku laganna, missir leyfið þegar hann verður 73 ára.
4. Sá, sem er 69 ára að aldri við gildistöku laganna, missir leyfið þegar hann verður 74 ára.
5. Þeir, sem eru 70 - 74 ára að aldri við gildistöku laganna, missa leyfin þegar þeir verða 75 ára.
6. Þeir, sem eru 75 ára eða eldri við gildistöku laganna og hafa haldið atvinnuleyfum sínum, missa leyfin þegar í stað.

20. gr.

Bifreiðastöðvar.

Leyfishafa er heimilt að hafa bifreið sína í afgreiðslu hjá hvaða viðurkenndri fólksbifreiðastöð sem er á félagssvæðinu, þar sem hann á kost á afgreiðslu.

Vilji leyfishafi flytja sig á aðra stöð skal hann segja upp stöðvarleyfi sínu með eins mánaðar fyrirvara.

Bifreiðastöð er óheimilt að taka bifreið í afgreiðslu fyrr en tilkynning um útgáfu atvinnuleysis eða flutning á milli stöðva hefur borist frá viðkomandi stéttarfélagi.

Bifreiðastöð skal fylgjast með því að ökumenn á stöðinni nýti atvinnuleyfi sín og tilkynna stéttarfélaginu, ef út af ber í þeim efnum. Ennfremur tilkynnir bifreiðastöð það til stéttarfélagsins, ef leyfishafi á stöðinni brýtur stöðvarreglur og sætir viðurlögum af þeim sökum.

Umsjónarnefnd er heimilt að setja reglur um þjónustu bifreiðastöðva.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Undanþágur frá almennum reglum um akstur eigin bifreiðar og nýtingu atvinnuleysis, sem veittar hafa verið samkvæmt eldri reglugerðum og standa yfir þegar reglugerð þessi öðlast gildi, getur umsjónarnefnd framlengt fyrst um sinn.

22. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkvæmt 13. gr. laga nr. 77/1989 um leigu-bifreiðar.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast gildi 1. júlí 1989, staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum nr. 136/1986 og auglýsing um sama efni nr. 237/1988. Auk þess falla eftirtaldar reglugerðir úr gildi, sem gilt hafa um takmörkun leigubifreiða til fólksflutninga á einstökum félagssvæðum; nr. 293/1985 og 206/1987 (Reykjavík), nr. 89/1962 og 374/1978 (Akranes), nr. 39/1966 og 3/1984 (Ísafjörður), nr. 207/1978 (Sauðárkrókur), nr. 332/1988 (Akureyri), nr. 145/1963 (Seyðisfjörður), nr. 279/1972 (Neskaupstaður), nr. 81/1967 og 19/1984 (Selfoss), nr. 23/1986 og 487/1986 (Hveragerði), nr. 810/1983 (Vestmannaeyjar), nr. 423/1974 og 2/1984 (Grindavík), nr. 356/1985 og 200/1987 (Keflavík).

Samgönguráðuneytið, 19. júní 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Helgi Jóhannesson.

Nr. 309

REIKNINGUR

**yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs X
og Alexandrine drottningar árið 1988.**

Sjóður í ársbyrjun:

Landsbankainnstæða nr. 5268706	kr. 28 836
Vextir	kr. 9 486
	kr. 38 322

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Lára Hafliðadóttir.

Nr. 310

REIKNINGUR

**yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu
fyrir árið 1988.**

Sjóður í ársbyrjun:

Landsbankainnstæða nr. 5268551	kr. 2 775
Vextir	kr. 912
	kr. 3 687

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1989.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Lára Hafliðadóttir.